FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Breytingar á samþykktum Festu

Nýjar samþykktir sameinaðs sjóðs Festu og Gildis – hvað breytist frá núgildandi samþykktum Festu. Tillögurnar verða kynntar enn frekar á ársfundi Festu 4. nóvember 2026 og lagðar fyrir aukaársfund Gildis til samþykktar 5. nóvember 2026.

Uppsetning kynningar

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Texti sem fellur brott er ~~yfirstrikaður og rauðbrúnn~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Nýr eða breyttur texti er **feitletraður og ólífugrænn**.

Flokkun breytinga

Efnisleg breyting — Breyting sem hefur áhrif á réttindi, skyldur eða stjórnskipan

Minniháttar / orðalag — Orðalag, tilvísanir, heiti, númer eða uppfærðar fjárhæðir

Afleiðing samruna — Breyting sem leiðir beint af sameiningu sjóðanna

Á hverri glæru er stutt skýring á breytingunni. Breytingar sem felast eingöngu í greinarmerkjum, bilum eða bandstrikum eru ekki tilgreindar.

A

Nafn, hlutverk og aðild

1.–3. gr. samþykktanna

Afleiðing samruna

Nafn sjóðsins og heimili

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Sjóðurinn heitir ~~**Festa**~~ lífeyrissjóður.

Heimili hans og varnarþing er í ~~**Reykjanesbæ**~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Sjóðurinn heitir **Gildi**-lífeyrissjóður.

Heimili hans og varnarþing er í **Reykjavík**.

SKÝRING

Sameinaður sjóður starfar undir nafni Gildis-lífeyrissjóðs og heimili hans og varnarþing verður í Reykjavík. Breytingin er bein afleiðing af sameiningu sjóðanna og hefur ekki áhrif á réttindi sjóðfélaga.

Aðildarsamtök sjóðsins

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU – 11 FÉLÖG

- Báran stéttarfélag
- Efling-stéttarfélag
- Félag iðn- og tæknigreina
- Stéttarfélag Vesturlands
- Verkalýðsfélag Akraness
- Verkalýðsfélag Grindavíkur
- Verkalýðsfélag Snæfellinga
- Verkalýðsfélag Suðurlands
- Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
- Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
- VR

NÝJAR SAMÞYKKTIR – 9 FÉLÖG BÆTAST VIÐ

- Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
- Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði
- Félag skipstjórnarmanna
- Sjómannafélag Íslands
- Sjómannasamband Íslands
- Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
- VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna
- Verkalýðsfélagið Hlíf
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga

SKÝRING

Við sameiningu Festu og Gildis fjölgar aðildarfélögum sjóðsins af hálfu launamanna. Níu stéttarfélög sem nú eiga aðild að Gildi bætast við upptalninguna og verða aðildarsamtök af hálfu launamanna því 20. Samtök atvinnulífsins eru áfram aðildarsamtök af hálfu atvinnurekenda.

Efnisleg breyting

Aðild launamanna sem starfa erlendis

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Ekkert sambærilegt ákvæði.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Ný gr. 3.5: Stjórn sjóðsins er heimilt að veita íslenskum launamönnum sem starfa erlendis, s.s. sjómönnum á skipum skráðum erlendis, aðild að sjóðnum, **enda komi þá réttindi aðeins fyrir þau iðgjöld sem sjóðnum berast þeirra vegna.**

SKÝRING

Nýtt ákvæði, sem er nú þegar í samþykktum Gildis, heimilar stjórn að veita íslenskum launamönnum sem starfa erlendis aðild að sjóðnum, s.s. sjómönnum á erlendum skipum. Réttindi myndast þá aðeins fyrir þau iðgjöld sem sjóðnum berast. Aðrar greinar kaflans færast aftur um eitt númer.

B

Stjórn og framkvæmdastjóri

4. gr. samþykktanna

Afleiðing samruna

Skipan stjórnar

Stjórnarmenn	Varamenn
6 → 8	2 → 4

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

~~Sex~~ manna stjórn: ~~þrír~~ kosnir á ársfundi og ~~þrír~~ staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda, hvor hópur með ~~einn~~ varamann.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Átta manna stjórn: **fjórir** kosnir á ársfundi og **fjórir** staðfestir af fulltrúum atvinnurekenda, hvor hópur með **tvo** varamenn.

SKÝRING

Stjórnarmönnum fjölgar úr sex í átta í sameinuðum sjóði. Áfram gildir jöfn skipting milli fulltrúa sjóðfélaga og atvinnurekenda, nú fjórir af hvorum, og varamönnum fjölgar úr einum í tvo af hvorum aðila. Kjörtímabil er áfram tvö ár og helmingur stjórnar kosinn árlega.

Efnisleg breyting

Afturköllun umboðs stjórnarmanns

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Tilnefningaraðili leggur fram formlega, rökstudda kröfu til stjórnar. ~~**Stjórnarmaður víkur af fundi, stjórn aflar óháðs lögfræðiálits og boðar fund í fulltrúaráði**~~, sem tekur ákvörðun með afli atkvæða. ~~**Krafan er færð í sérstaka fundargerðarbók.**~~

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Tilnefningaraðili **tilkynnir stjórn með formlegum hætti rökstudda ákvörðun um afturköllun umboðs** með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. **Fulltrúaráð tilnefningaraðila staðfestir ákvörðunina** ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi.

SKÝRING

Áfram er óheimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabili nema hann bresti hæfi samkvæmt lögum eða samþykktum. Ferlið verður hins vegar einfaldara: tilnefningaraðili tekur ákvörðun og tilkynnir stjórn og fulltrúaráð staðfestir hana. Ekki er lengur gert ráð fyrir óháðu lögfræðiáliti á vegum stjórnar né sérstakri fundargerðarbók.

Efnisleg breyting

Hæfisskilyrði stjórnarmanna

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

- ~~Fjárhagslega sjálfstæðir~~
- Mega ekki á síðustu fimm árum ~~hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota~~
- Ekki hlotið dóm á síðustu ~~tíu~~ árum fyrir refsiverðan verknað, m.a. skv. ~~samkeppnislögum~~
- Skulu verja ~~fullnægjandi tíma~~ í stjórnarstörf

NÝJAR SAMÞYKKTIR

- Hafa **aldrei verið sviptir forræði á búi sínu**
- Ekki fengið dóm á síðustu **fimm** árum fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur
- Búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu (óbreytt efni, fært framar)
- Hafa **möguleika á að verja þeim tíma** til stjórnarstarfa sem setan krefst

SKÝRING

Í nýjum samþykktum er byggt á fyllri texta Festu um skyldur og hæfi stjórnarmanna, þ.e. um þekkingu og starfsreynslu, sjálfstæði og virka þátttöku í stjórnarstörfum. Grunnskilyrðin eru hins vegar orðuð nær lögum: skilyrði um fjárhagslegt sjálfstæði og gjaldþrot víkja fyrir skilyrði um að hafa aldrei verið sviptur forræði á búi sínu og tímabil vegna refsidóma styttist úr tíu árum í fimm.

Lögmæt samþykkt stjórnar

Atkvæði sem þarf til lögmætrar samþykktar

4 → 5

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa ~~**fjórir**~~ stjórnarmenn að greiða henni atkvæði.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa **fimm** stjórnarmenn að greiða henni atkvæði.

SKÝRING

Þar sem stjórnarmönnum fjölgar úr sex í átta þarf fimm atkvæði í stað fjögurra til að samþykkt stjórnar sé lögmæt, þ.e. áfram meirihluta allra stjórnarmanna. Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt. Frá og með gildistöku sameiningar og fram að ársfundi 2027, er stjórn tímabundið skipuð tíu mönnum, þá þarf sex atkvæði (ákvæði til bráðabirgða).

Efnisleg breyting

Endurskoðunar- og áhættunefnd

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Stjórn skal árlega skipa ~~**þriggja manna endurskoðunarnefnd**~~ sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Stjórn skal árlega skipa **að minnsta kosti þriggja manna endurskoðunar- og áhættunefnd** sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings. **Einn nefndarmanna skal vera utanaðkomandi, óháður sjóðnum, stjórnendum hans og endurskoðanda.**

SKÝRING

Nefndin fær heitið endurskoðunar- og áhættunefnd og í henni sitja að minnsta kosti þrír. Kveðið er sérstaklega á um að einn nefndarmanna skuli vera utanaðkomandi og óháður sjóðnum, stjórnendum hans og endurskoðanda, með hliðsjón af kröfum laga um ársreikninga til eininga tengdra almannahagsmunum. Ársfundur kýs utanaðkomandi nefndarmann eins og verið hefur hjá Festu (gr. 5.8).

C

Ársfundur og fulltrúaráð

5. gr. samþykktanna

Efnisleg breyting

Fulltrúaráð – fjöldi og skipunartími

Fulltrúar hvors aðila	Skipunartími (ár)	Endurútreikningur vægis (ár)
~~60~~ → **100**	~~1~~ → **2**	~~2~~ → **4**

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Stéttarfélög tilnefna alls ~~60~~ fulltrúa og SA allt að ~~60~~. Skipunartími er ~~eitt ár~~. Vægi reiknað ~~annað hvert ár~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Stéttarfélög tilnefna alls **100** fulltrúa og SA allt að **100**. Skipunartími er **tvö ár**. Vægi reiknað **fjórða hvert ár**. **Fulltrúaráð endurspegli starfs- og atvinnugreinar sjóðfélaga.**

SKÝRING

Samkvæmt samrunasamningi sjóðanna fjölgar fulltrúum í 100 af hvorum aðila, svo að aðildarfélög hafi eðlilega aðkomu að ákvörðunum á ársfundum. Hlutdeild einstakra stéttarfélaga ræðst af iðgjöldum félagsmanna og er ákveðin til fjögurra ára í senn. Gert er ráð fyrir að utanaðkomandi og óháður aðili annist þá greiningu samkvæmt reglum sem tryggja persónuvernd. Skipunartími lengist úr einu ári í tvö.

Efnisleg breyting

Fulltrúaráð – atkvæðavægi og tilnefningar

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

~~**Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps á fundinum.**~~

Tilkynna skal um tilnefningu ~~**minnst 14 dögum fyrir lok skipunartímabils**~~; hún gildir ~~**frá upphafi ársfundar fram að næsta ársfundi**~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Ákvæði um jafnan fjölda atkvæða hvors hóps fellur brott.

Tilkynna skal um tilnefningu **fyrir 15. janúar annað hvert ár**; hún öðlast gildi **þá þegar** og gildir **þar til nýtt fulltrúaráð hefur verið skipað**.

SKÝRING

Ákvæði um að hvor hópur fari með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráði, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps á fundi, fellur brott. Hver fulltrúi fer því með sitt atkvæði, en heimild til skiptrar atkvæðagreiðslu fulltrúa launamanna og atvinnurekenda helst óbreytt (gr. 5.7). Tilnefningar miðast nú við 15. janúar annað hvert ár og gilda þar til nýtt fulltrúaráð hefur verið skipað.

Efnisleg breyting

Nefnd um laun stjórnarmanna

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Ársfundur kýs ~~**fjóra**~~ fulltrúa í nefndina: ~~**tvo**~~ kosna af fulltrúum stéttarfélaga og ~~**tvo**~~ af fulltrúum atvinnurekenda í fulltrúaráði.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Ársfundur kýs **þrjá** fulltrúa og **stjórnarformaður situr jafnframt í nefndinni**. Einn er kosinn af fulltrúum stéttarfélaga, annar af fulltrúum atvinnurekenda og **sá þriðji til skiptis, af þeim hópi sem ekki skipar stjórnarformann næsta kjörtímabil**.

SKÝRING

Nefndin verður áfram skipuð fjórum mönnum en samsetningin breytist: stjórnarformaður á hverjum tíma situr í nefndinni og ársfundur kýs þrjá. Þriðji kjörni fulltrúinn kemur frá þeim hópi sem ekki fer með formennsku í stjórn, svo jafnvægi haldist milli aðila. Til samræmis fækkar kjörnum nefndarmönnum á dagskrá ársfundar úr fjórum í þrjá (gr. 5.8).

Afleiðing samruna

Dagskrá ársfundar

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Stéttarfélög kjósa ~~**annað hvert ár tvo aðalmenn og annað hvert ár einn aðalmann og einn varamann**~~; sama skipting hjá atvinnurekendum.

Kosning ~~**fjögurra**~~ í launanefnd.

Kjör utanaðkomandi aðila í ~~**endurskoðunarnefnd**~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Hvor hópur kýs eða staðfestir **árlega tvo aðalmenn og einn varamann**. **Gert skal hlé á fundi meðan kosning fer fram.**

Kosning **þriggja** í launanefnd.

Kjör **eins** utanaðkomandi aðila í **endurskoðunar- og áhættunefnd**.

SKÝRING

Breytingarnar leiða af fjölgun stjórnarmanna og breyttri samsetningu nefnda. Tveir aðalmenn og einn varamaður eru kosnir af hvorum aðila á hverju ári í stað þess að kosið sé til skiptis, og gera skal hlé á fundi meðan kosning fer fram. Ársfundur kýs áfram einn utanaðkomandi aðila í endurskoðunar- og áhættunefnd, sbr. gr. 4.5.

D

Reikningar, ávöxtun og iðgjöld

6.–9. gr. samþykktanna

Efnisleg breyting

Ráðstöfun örorkuframlags

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

a) Auka skal réttindainnvinnslu ~~í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B~~ (3,8% árið 2027, hækkar í 4,5% árið 2030).

b) Viðbótarlífeyrir ~~í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B~~ (1,5% árið 2027, lækkar í 0% árið 2030).

NÝJAR SAMÞYKKTIR

a) Auka skal réttindainnvinnslu **sem nemur 4,5% iðgjalda**.

b) Greiða skal viðbótarlífeyri **sem nemur 1,5% af lífeyri**.

SKÝRING

Framlagi ríkisins til jöfnunar örorkubyrði verður ráðstafað eftir föstum hlutföllum í stað árlegrar töflu Festu. Fyrir sjóðfélaga Festu þýðir þetta hærri viðbótarávinnslu á næsta ári en samkvæmt gildandi töflu í Viðauka B samþykkta Festu. Hámarkið er áfram örorkuframlag ársins og hlutföllin eru metin árlega.

E

Lífeyrisréttindi

10.–14. gr. samþykktanna

Efnisleg breyting

Jöfn réttindaávinnsla

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Ákvæði um jafna ávinnslu í meginmáli (gr. 10.3.1–10.3.6), m.a. ~~sérákvæði um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vesturlands (1.7.2005) og Lífeyrissjóða Suðurlands og Suðurnesja (1.10.2005)~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Gr. 10.3 vísar til ákvæða sem gilt hafa frá 2005 og **eru tilgreind í Viðauka C**.

Viðauki C miðar við **1. júní 2005** og hefur ekki að geyma sérákvæði um forverasjóði Festu, enda eru þau réttindi þegar í réttindakerfi sjóðsins.

SKÝRING

Jöfn réttindaávinnsla á rætur í breytingu á réttindakerfi lífeyrissjóða árið 2005, þegar sjóðfélögum sem greitt höfðu fyrir lok 2004 var gefinn kostur á að greiða áfram með sama hætti. Hópnum fækkar og engir nýir geta bæst við, en ákvæðin eru umfangsmikil. Þau eru því færð í Viðauka C sem telst hluti samþykktanna. Réttur fyrrum sjóðfélaga Festu til jafnrar ávinnslu er varðveittur.

Afleiðing samruna

Varðveisla áunninna réttinda í Festu

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Geymd réttindi í Lífeyrissjóði Suðurnesja og Lífeyrissjóði Suðurlands (30.9.2005) og í Lífeyrissjóði Vesturlands (30.6.2005) varðveitt skv. þeim réttindareglum sem þá giltu.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Geymd réttindi í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna (31.5.2005), Lífeyrissjóði Vestfirðinga (31.12.2014) og **Festu lífeyrissjóði þann 31.12.2026** varðveitt skv. þeim réttindareglum sem þá giltu. Vísað er til töflu II **og III** í viðauka A.

SKÝRING

Sjóðurinn heldur utan um réttindi sjóðfélaga í þeim sjóðum sem sameinast hafa honum, í samræmi við meginreglu gr. 10.4. Fyrir sjóðfélaga Festu þýðir þetta að réttindi sem áunnin eru til og með 31. desember 2026 eru varðveitt samkvæmt réttindareglum Festu á þeim degi. Ný ávinnsla fer eftir réttindatöflum sameinaðs sjóðs.

Efnisleg breyting

Ellilífeyrir – réttindi eftir að taka hefst

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

11.3: Réttindi sem aflað er eftir töku fyrir 67 ára koma ~~**til greiðslu frá 67 ára aldri án umsóknar**~~.

11.4: Endurúrskurða skal vegna viðbótarréttar ~~**hafi sjóðfélagi misst 50% starfsorku eða meira**~~.

11.5: Iðgjöld eftir 67 ára ~~**greiðast eftir næsta afmælisdag samkvæmt umsókn**~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

11.3: Málsliðurinn fellur brott.

11.4: Gildir um alla sem hafið hafa töku ellilífeyris. Viðbótarréttur endurúrskurðaður **samkvæmt umsókn, þó ekki oftar en árlega**, og **við 70 ára aldur án umsóknar**.

11.5: Aðeins ákvæði um upplýsingagjöf við 70, 75 og 80 ára aldur, hjá sjóðfélögum sem ekki hafa hafið töku ellilífeyris.

SKÝRING

Reglur um réttindi sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka ellilífeyris hefst eru samræmdar og einfaldaðar. Sjóðfélagi getur sótt um endurúrskurð árlega og við 70 ára aldur er endurúrskurðað sjálfkrafa. Sérreglur Festu um greiðslu frá 67 ára aldri og eftir næsta afmælisdag falla brott.

Efnisleg breyting | Minniháttar / orðalag

Örorkulífeyrir

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

12.3: Skylda til að upplýsa um breytingar á högum, en ekkert sérstakt ákvæði um upplýsingar um tekjur að beiðni sjóðsins.

12.6 a: Hámark framreiknings eftir 10 ár: 419.826 kr. auk helmings þess sem umfram er.

12.6 c: Framreikningstími styttist vegna lágra iðgjaldagreiðslna.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

12.3: **Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar sé þess óskað.**

12.6 a: Regla Festu helst (483.200 kr. á nýju verðlagi auk helmings þess sem umfram er).

12.6 c: **Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu.**

SKÝRING

Regla Festu um hámark við framreikning örorkulífeyris er lögð til grundvallar í sameinuðum sjóði, þar sem hún er sjóðfélögum almennt hagfelldari en föst hámarksfjárhæð Gildis og hefur ekki teljandi áhrif á skuldbindingar. Fyrir sjóðfélaga Festu er reglan því óbreytt. Áréttað er að örorkulífeyrisþegum beri að veita upplýsingar um tekjur og að undanskot frá greiðsluskyldu geti stytt framreikningstíma. Tilvísun í 12.6 b er leiðrétt.

Efnisleg breyting

Makalífeyrir með börnum á framfæri

Aldur yngsta barns þegar greiðslum lýkur

18 → 20

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Eftirlifandi maki fær ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn á framfæri sjóðfélagans nær ~~18~~ ára aldri.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Eftirlifandi maki fær ávallt greiddan makalífeyri þar til yngsta barn á framfæri sjóðfélagans nær **20** ára aldri, enda sé það á framfæri makans.

SKÝRING

Makalífeyrir vegna barna á framfæri er greiddur tveimur árum lengur en samkvæmt núgildandi samþykktum Festu.

Efnisleg breyting

Barnalífeyrir

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

14.1.2: Barnalífeyrir vegna örorku greiðist ~~**hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld 24 af 36 mánuðum fyrir orkutap eða 6 af 12**~~.

14.4: Barnalífeyrir greiðist ~~**til barnsins vegna andláts**~~ en til framfæranda vegna örorku.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

14.1.2: Skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma fellur brott; nægir að sjóðfélagi njóti örorkulífeyris.

14.4: Barnalífeyrir greiðist **framfæranda barns** til 18 ára aldurs.

SKÝRING

Réttur til barnalífeyris vegna örorku fylgir nú rétti til örorkulífeyris án sérstaks skilyrðis um iðgjaldagreiðslutíma. Barnalífeyrir vegna andláts verður greiddur framfæranda barns í stað barnsins sjálfs. Fjárhæðir eru uppfærðar m.v. nýja grunnvísitölu.

F

Framkvæmd, málsmeðferð og séreign

15.–23. gr. samþykktanna

Minniháttar / orðalag

Fjárhæðir uppfærðar m.v. nýja grunnvísitölu

Grein	Viðmið	Festa (603,5 stig)	Nýjar samþykktir (694,6 stig)
12.1 a	Lágmarksiðgjald vegna framreiknings	157.435 kr.	**181.200 kr.**
12.1 a	Sama, vegna reglubundins hlutastarfs	104.957 kr.	**120.800 kr.**
12.6 a	Hámark meðaliðgjalds við framreikning	419.826 kr.	**483.200 kr.**
12.6 c	Lágmark árlegra iðgjalda	110.204 kr.	**126.840 kr.**
14.1.1 og 14.1.3	Lágmarkslífeyrir foreldris (á mánuði)	26.239 kr.	**30.200 kr.**
14.1.3	Iðgjaldsstofn / lífeyrir vegna lækkunar barnalífeyris	131.196 / 52.478 kr.	**151.000 / 60.400 kr.**
14.2	Barnalífeyrir – örorka / andlát (á mánuði)	19.131 / 26.088 kr.	**22.019 / 30.026 kr.**
18.4	Lágmarksgreiðsla áður en eingreiðsla er heimil	6.560 kr.	**7.550 kr.**
22.5 og 22.6	Inneign í tilgreindri séreign	1.739.193 kr.	**2.001.729 kr.**

SKÝRING

Allar fjárhæðir hækka um 15,1%, sem svarar til hækkunar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar úr 603,5 í 694,6 stig (október 2026). Raunvirði fjárhæðanna er því óbreytt; einungis er skipt um grunnvísitölu (gr. 18.5).

Minniháttar / orðalag

Greiðslur aftur í tímann

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Örorku- og makalífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Örorku-, maka- **og barnalífeyri** skal ekki greiða lengur en tvö ár aftur í tímann frá umsókn **eða frá því að nýjar upplýsingar koma fram** sem gera að verkum að breyta þurfi úrskurði aftur í tímann.

SKÝRING

Tveggja ára hámark á afturvirkum greiðslum nær nú einnig berum orðum til barnalífeyris. Jafnframt getur tímamarkið miðast við það þegar nýjar upplýsingar koma fram sem kalla á breytingu á úrskurði aftur í tímann. Ekki er ætlað að í þessu felist efnisbreyting heldur skýrari framsetning.

Minniháttar / orðalag

Eingreiðslur og grunnvísitala

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

18.4: Nái lífeyrir ekki ~~**kr. 6.560**~~ á mánuði er heimilt að greiða hann í einu lagi.

18.5: Fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar ~~**603,5 stig**~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

18.4: Nái lífeyrir ekki **7.550 krónum** á mánuði **miðað við 67 ára aldur** er heimilt að greiða hann í einu lagi.

18.5: Fjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar **fyrir október 2026, gildið 694,6**.

SKÝRING

Í framkvæmd hefur verið miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, enda er vísitala mánaðarins að jafnaði ekki tiltæk fyrir útgreiðslu, og er það nú gert skýrt. Valið er nýtt grunngildi, október 2026, og allar fjárhæðir uppfærðar miðað við það. Skýrt er að lágmarksfjárhæð vegna eingreiðslu lífeyris miðast við lífeyri frá 67 ára aldri.

Efnisleg breyting

Séreignariðgjöld án skriflegs samnings

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Þeir sem vilja greiða til séreignardeildar skulu gera skriflegan samning við sjóðinn.

Ekkert ákvæði um iðgjöld sem berast án samnings.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Berist iðgjald án skriflegs samnings er það lagt í þá fjárfestingarleið sem ber minnsta áhættu, nema sjóðfélagi ákveði annað. Sjóðfélaga er tilkynnt um ráðstöfunina og skilmála deildarinnar.

Samningur telst kominn á nema ráðstöfun sé andmælt innan þriggja mánaða.

SKÝRING

Nýtt ákvæði sem leysir úr því þegar séreignariðgjöld berast án þess að samningur hafi verið gerður. Iðgjaldið er varðveitt í áhættuminnstu leið og samningur telst kominn á ef sjóðfélagi andmælir ekki innan þriggja mánaða. Sambærileg regla gildir um iðgjöld vegna yngri en 16 ára og eldri en 70 ára (gr. 9.13).

G

Breytingar, gildistaka og bráðabirgðaákvæði

24.–25. gr. samþykktanna

Efnisleg breyting

Tillögur að breytingum á samþykktum

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Tillögur þurfa að berast stjórn ~~a.m.k. 3 vikum fyrir ársfund~~.

Stjórn sendir aðildarfélögum og SA tillögur minnst ~~tveimur~~ vikum fyrir ársfund.

Staðfesting ~~fjármála- og efnahagsráðuneytis~~.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Tillögur þurfa að berast stjórn **fyrir 15. janúar ár hvert**.

Stjórn sendir aðildarfélögum og SA tillögur minnst **fjórum** vikum fyrir ársfund.

Staðfesting **ráðherra**.

SKÝRING

Tillögur að breytingum á samþykktum þarf nú að leggja fram mun fyrr en áður, eða fyrir 15. janúar. Á móti fá aðildarsamtök lengri tíma til að kynna sér tillögur fyrir ársfund, fjórar vikur í stað tveggja. Vísað er til staðfestingar ráðherra í stað tiltekins ráðuneytis.

Gildistaka

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Samþykktir þessar öðlast gildi ~~**að fenginni staðfestingu ráðherra**~~, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Samþykktir þessar öðlast gildi **1. janúar 2027 eða fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fullnægt er öllum skilyrðum fyrir gildistöku samnings um sameiningu Festu lífeyrissjóðs og Gildis-lífeyrissjóðs, dags. 4. september 2026**.

SKÝRING

Tilefni breytinganna er samningur sjóðanna um sameiningu. Gildistaka er háð skilyrðum samningsins, m.a. samþykki ársfunda, staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis og að Samkeppniseftirlitið geri ekki athugasemdir. Liggi skilyrðin fyrir í tæka tíð taka samþykktirnar gildi 1. janúar 2027, en annars fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þau eru uppfyllt.

Afleiðing samruna

Stjórn á aðlögunartíma

Stjórnarmenn fram að ársfundi 2027

8 → 10

Atkvæði til lögmætrar samþykktar

5 → 6

SKIPAN

Formaður og varaformaður Festu taka sæti í stjórn sameinaðs sjóðs, hvor með varamann úr hópi aðalmanna í stjórn Festu.

SKILYRÐI

Skipanin gildir fram að ársfundi 2027. Seta í stjórn beggja sjóða telst með við mat á hámarkstíma stjórnarsetu (gr. 4.3).

SKÝRING

Samkvæmt samrunasamningi sjóðanna taka formaður og varaformaður Festu sæti í stjórn sameinaðs sjóðs frá þeim tíma er samruninn öðlast gildi. Skipanin gildir fram að ársfundi 2027 og er ætlað að greiða fyrir hnökralausri framkvæmd samrunans. Á meðan þarf sex atkvæði til lögmætrar ákvörðunar.

Afleiðing samruna

Fulltrúaráð á aðlögunartíma



25 + 75

25 fulltrúar stéttarfélaga koma frá Festu og 75 frá Gildi

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis fá 0 fulltrúa.

SKÝRING

Við gildistöku afturkallast skipan núverandi fulltrúaráðs og aðildarfélög tilkynna nýja skipan innan 30 daga. Skipting fulltrúa byggir á samkomulagi um að fylgja þeim viðmiðum sem fylgt hefur verið undanfarin ár. Fulltrúaráðið starfar þannig skipað til 15. janúar 2028 og skiptingin verður reiknuð á ný haustið 2027 á grundvelli ársins 2026.

Afleiðing samruna

Aðlögun eigna og skuldbindinga við sameiningu

NÚGILDANDI SAMÞYKKTIR FESTU

Ekkert sambærilegt ákvæði.

NÝJAR SAMÞYKKTIR

Um mögulega aðlögun eigna og skuldbindinga í tengslum við sameiningu Festu lífeyrissjóðs og Gildis-lífeyrissjóðs fer eftir **7. kafla samrunasamnings lífeyrissjóðanna** sem samþykktur var á aukaársfundum þeirra 4. og 5. nóvember 2026. **Stjórn hefur heimild til þess að framkvæma aðlögun réttinda sjóðfélaga ef til kemur** á grundvelli þessa og færa niðurstöður til yfirlits inn í Viðauka B í samþykktum.

SKÝRING

Við sameiningu sjóða getur þurft að jafna mun á tryggingafræðilegri stöðu þeirra svo að sjóðfélagar beggja sjóða standi jafnt að vígi. Ákvæðið vísar til 7. kafla samrunasamningsins, sem er til samþykktar á aukaársfundum beggja sjóða, og veitir stjórn heimild til að aðlaga réttindi sjóðfélaga ef til þess kemur. Niðurstöður verða færðar í Viðauka B, þar sem sérstakar breytingar á áunnum réttindum eru skráðar.

H

Viðaukar

Réttindatöflur og söguleg yfirlit

Efnisleg breyting

Ný réttindatafla sameinaðs sjóðs



Aldur 16–63 ára

Að meðaltali -2,3%

Réttindi lægri en í töflu Festu

Aldur 64–69 ára

+0,4 til +3,0%

Réttindi hærri en í töflu Festu

Jöfn ávinnsla

1.120 → 1.091

kr. á ári fyrir hverjar 10.000 kr. (−2,6%)

SKÝRING

Nýjar réttindatöflur eru unnar af tryggingastærðfræðingi á grundvelli uppfærðra forsendna sameinaðs sjóðs og gilda frá 1. janúar 2027. Tafla Festu var kynslóðatafla þar sem réttindi lækka eftir almanaksári, en í nýjum samþykktum er ein tafla. Til viðbótar kemur 4,5% viðbótarávinnsla vegna örorkuframlags í stað 3,8% (gr. 9.12). Auk þess kemur mismunur í framtíðar réttindaávinnslu til jöfnunar í aðlögun áfallinna réttinda sjóðanna.

Efnisleg breyting

Flýting og frestun ellilífeyris

Aldur við töku	Festa	Nýjar	Áhrif á lífeyri
60 ára	0,629	0,650	**+3,3%**
61 ára	0,668	0,685	**+2,5%**
62 ára	0,711	0,724	**+1,8%**
63 ára	0,758	0,767	**+1,2%**
64 ára	0,809	0,815	**+0,7%**
65 ára	0,866	0,869	**+0,3%**
66 ára	0,929	0,930	**+0,1%**
67 ára	1,000	1,000	Óbreytt
68 ára	1,079	1,079	Óbreytt
69 ára	1,168	1,168	Óbreytt
70 ára	1,269	1,268	**–0,1%**

Aldur við töku	Festa	Nýjar	Áhrif á lífeyri
71 ára	1,383	1,382	**–0,1%**
72 ára	1,514	1,513	**–0,1%**
73 ára	1,665	1,663	**–0,1%**
74 ára	1,840	1,837	**–0,2%**
75 ára	2,045	2,040	**–0,2%**
76 ára	2,286	2,279	**–0,3%**
77 ára	2,573	2,563	**–0,4%**
78 ára	2,917	2,902	**–0,5%**
79 ára	3,335	3,313	**–0,7%**
80 ára	3,846	3,815	**–0,8%**

SKÝRING

Stuðlar vegna flýtingar eða frestunar ellilífeyris breytast lítillega við öll aldursár nema 67–69 ára. Lækkun við töku fyrir 67 ára aldur verður nokkru minni (35,0% í stað 37,2% við 60 ára aldur) en hækkun við frestun lítillega minni frá 70 ára aldri. Ný Tafla III gildir um geymd réttindi úr Lífeyrissjóði sjómanna, þar sem viðmiðunaraldur er 65 ár.

Minniháttar breytingar í 2.–4. gr.

Grein	Breyting	Skýring
2.3	Orðið „nauðsynleg“ fellur brott	Sjóðnum er áfram óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem þarf til að sinna hlutverki hans.
3.6 (nú 3.7)	Lokamálsliður fellur brott	Heimild stjórnar til að leyfa félögum og samböndum að tryggja starfsmenn sína kemur þegar fram í gr. 3.6 (áður 3.5).
3.8	„Festu lífeyrissjóð“ verður „Gildi-lífeyrissjóð“ (heimild til samruna)	Afleiðing nafnbreytingar. Efni ákvæðisins er óbreytt.
3.6–3.9	Greinanúmer hliðrast um eitt vegna nýrrar gr. 3.5	Tæknileg breyting.
4.1	Tilnefning „Samtaka atvinnulífsins“ í stað „frá stjórn Samtaka atvinnulífsins“	Orðalag einfaldað. Tilnefning kemur áfram frá Samtökum atvinnulífsins.
4.1	Afturköllun umboðs byggist á lögum „eða“ samþykktum; „reglur sjóðsins“ falla brott sem grundvöllur	Lítil efnisleg þrenging á grundvelli afturköllunar umboðs.
4.3	Orðin „í stjórn“ falla brott	Orðalagsbreyting án efnisáhrifa.
4.12–4.13	Númering greina lagfærð	Tæknileg breyting.

Minniháttar breytingar í 5.–9. gr.

Grein	Breyting	Skýring
5.2	**Ársfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert í stað loka maí**	Stjórn er þó heimilt að fresta ársfundi 2027 til 1. júní (ákvæði til bráðabirgða).
7.1	„Fjármálaeftirlitinu“ í stað „fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands“	Orðalag. Átt er við sömu stofnun.
7.3 og 7.4	Viðauki B telst hluti samþykktanna; „hækkun“ í stað „aukningu“	Sama regla og hjá Festu. Engin efnisáhrif.
8.3	Tilvísun leiðrétt úr gr. 5.5 í gr. 5.8	Leiðrétting á rangri tilvísun í dagskrá ársfundar.
9.2 og 9.3	**Fæðingarorlofsgreiðslur teljast til iðgjaldsstofns; vísað til 58. gr. laga nr. 90/2003 í stað 59. gr.**	Í samræmi við framkvæmd sjóðsins: iðgjald hefur verið greitt af fæðingarorlofsgreiðslum.
9.6, 9.7 og 9.11	Nákvæmari tilvísanir; tilvísun í 9.11 leiðrétt úr gr. 11.7.b í 11.8.b	Leiðrétting á tilvísun til ákvæðis um skiptingu lífeyrisréttinda hjóna.
9.13	Iðgjöld yngri en 16 og eldri en 70 ára: útgreiðsla fer eftir almennum ákvæðum séreignardeildar	Tilvísun einfölduð. Sama efni.

Minniháttar breytingar í 10.–14. gr.

Grein	Breyting	Skýring
10.1	Tilvísun í „viðauka A“; setning um lágmarkstryggingavernd færð inn í málsgreinina	Engin efnisbreyting.
10.2	Ný réttindatafla getur einnig fengið staðfestingu á aukaársfundi	Heimild skýrð.
11.8	**c-liður um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna með maka færður inn að nýju**	Í samræmi við framkvæmd sjóðsins, sbr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Liðurinn féll út fyrir mistök.
13.1	Orðalagi um biðtíma breytt	Sama efni: 24 af 36 mánuðum eða 6 af 12 mánuðum fyrir andlát.
13.5	Skilgreining á óvígðri sambúð endurröðuð; tilvísun í „annað í samþykktum“ fellur brott	Engin efnisbreyting.
13.6	Makalífeyrir miðast við réttindi sem sjóðfélagi hefur sjálfur áunnið, án framseldra réttinda skv. gr. 11.8	Skipting ellilífeyrisréttinda við maka hefur ekki áhrif á önnur réttindi. Sami skilningur og hjá Festu.
14.2	Málsliður um vísitölutengingu fellur brott	Allar krónutölur fylgja sömu vísitölu, sbr. gr. 18.5.

Minniháttar breytingar í 15.–23. gr.

Grein	Breyting	Skýring
17.1	Staðfesting „ráðherra sé slíkt skylt“ í stað „fjármála- og efnahagsráðuneytisins“	Staðfesting einungis áskilin þegar lög krefjast hennar.
22.5 og 22.6	Föst fjárhæð, 2.001.729 kr., og sérstök vísitölutenging felld brott	Sama raunvirði. Verðtrygging fer eftir gr. 18.5.
23.8 og 23.10 (ný)	**Útgreiðsla lágrar séreignar (undir 2.001.729 kr.) í sérstaka grein; mánaðarleg greiðsla að hámarki 40.035 kr.**	Fjárhæðarmörk óbreytt að raunvirði. Nýtt er hámark mánaðarlegrar greiðslu. Gr. 23.11–23.15 færast um eitt númer.
23.11	Tilvísun í 36. gr. laga nr. 129/1997 í stað 36. gr. a	Vísað er til greinarinnar í heild.

Minniháttar / orðalag

Ákvæði til bráðabirgða og viðaukar

Ákvæði	Breyting	Skýring
Ákvæði til bráðabirgða 1	**Stjórn heimilt að fresta ársfundi 2027 allt til 1. júní 2027**	Afleiðing samruna: ekki er fyllilega fyrirséð hvenær öll skilyrði sameiningar verða uppfyllt.
Bráðabirgðaákvæði 1 (Festu)	Margföldunarstuðlar við framreikning örorkulífeyris 2023–2025 færast í Viðauka B	Stuðlarnir eiga ekki við um úrskurði vegna orkutaps frá 1. janúar 2026.
Viðauki B	Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum réttindum hjá Gildi, Lífeyrissjóði Vestfirðinga og Festu	Yfirlit Festu helst óbreytt. Söguleg skráning án sjálfstæðra áhrifa á réttindi.
Viðauki C	Ákvæði um rétt til jafnrar réttindaávinnslu (áður gr. 10.3.1–10.3.6)	Efni tilfært úr meginmáli. Réttur fyrrum sjóðfélaga Festu er varðveittur.

Helstu breytingar í hnotskurn

Stjórn

Átta manna stjórn í stað sex. Formaður og varaformaður Festu sitja tímabundið í stjórn fram að ársfundi 2027.

Fulltrúaráð og ársfundur

100 fulltrúar hvors aðila, tveggja ára skipunartími. Ársfundur fyrir lok apríl.

Réttindi

Áunnin réttindi í Festu til 31.12.2026 varðveitt. Ný réttindatafla frá 1.1.2027.

Maka- og barnalífeyrir

Makalífeyrir þar til yngsta barn nær 20 ára aldri. Rýmri réttur til barnalífeyris vegna örorku.

Séreign og iðgjöld

Fæðingarorlofsgreiðslur í iðgjaldsstofn. Nýjar reglur um séreign án samnings og útgreiðslu lágrar inneignar.

Gildistaka

1. janúar 2027, eða síðar ef skilyrði samrunasamnings eru ekki uppfyllt fyrir þann tíma.